

Föstudaginn 4. febrúar 1966.

Nr. 190/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Péttri Daníelssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg sýslumaður kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Hjálmar Húnfjörð Eyþórsson lögreglumaður gefið skýrslu fyrir dómi og staðfest vætti sitt.

Aðfaranótt sunnudagsins 19. júlí 1964 var ákærði á samkomu að Viðihlíð í Húnavatnssýslu. Neytti hann þar áfengis og gerðist ölvaður. Eftir að samkomunni var lokið klukkan tvö um nóttina, ók ákærði þannig á sig kominn bifreið sinni, H 339, ljóslausri, frá Viðihlíð áleiðis heim til sín, en við Lækjamót í Viðidal stöðvaði Hjálmar Húnfjörð Eyþórsson lögreglumaður frekari akstur ákærða og færði hann til læknis á Blönduósi, þar sem honum var tekið blóð til áfengisrannsóknar. Samkvæmt skýrslu rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 22. júlí 1964, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1,97%.

Ekki verður séð, að ákærða hafi borið að hafa ljósker bifreiðar sinnar tendruð við framan greindan akstur. Ber því að sýkna hann af ákæru um brot gegn 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Samkvæmt niðurstöðu áfengisrannsóknar á blóði ákærða, vætti lögreglumanns og eigin játningu ákærða sjálfs þykir hann hins vegar sannur að sök um brot gegn 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 3. mgr. 80. gr. og 2. og 3. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber að svipta ákærða leyfi til bifreiðarstjórnar eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflytningu- og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Það athugaslið, að héraðsdómari ákveður ákærða sektarrefsingu, þótt hann heimfæri brot ákærða undir 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958. Ennfremur hefur héraðsdómari látið undan fallast að ákveða í hinum áfrýjaða dómi, frá hvaða tíma ákærði skuli sviptur ökuleyfi og fram fylgja því þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 81. gr. laga nr. 26/1958. Þá er höndum mjög kastað að málsatvikalýsingu í héraðsdómi.

Dóms orð:

Ákærði, Pétur Daníelsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 5.000.00, og málflytningu- og málflutningslaun verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 6. marz 1965.

Mál þetta, sem var þingfest 2. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Pétri Daníelssyni bónda, Þórukoti í Þorkelshólshreppi innan Húnavatnssýslu, fyrir að aka sunnudagsnóttina 19. júlí 1964 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 339 frá samkomuhúsinu Víðihlíð áleiðis heim til sín, unz löggæzlumenn stöðvuðu akstur hans í grennd við Lækjamót, en þá var bifreið hans ljóslaus. Var þetta laust eftir kl. 3 um nóttina.

Telst brot þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 53. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt í ákæruskjali saksóknara ríkisins, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til ökuleyfissviptingar samkv. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 19. nóvember 1917 á Þorkelshóli í Þorkelshólshreppi, hefur hvorki sætt ákæru né dómi, svo að kunnugt sé.

Málsatvik eru þau, sem að framan eru talin, að því viðbættu, að ákærði hefur viðurkennt brot sitt tregðulaust, en telur sig hafa neytt svo lítils áfengis, að ekki hefði átt að koma að sök.

Samkv. alkóhólrannsókn á blóðprufu, er tekin var af ákærða á Blönduósi og framkvæmd var í rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens, fundust reducerandi efni, er samsvara 1,97% af alkóhóli.

Brot ákærða, að hafa ekið bifreið undir áhrifum áfengis, ber að heimfæra undir þær greinar umferðarlaga og áfengislaga, sem hér að framan eru tilfærðar úr ákæruskjali saksóknara ríkisins, og þykir refsing sú, er ákærði hefur til unnið, hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan tveggja vikna frá löglegri birtingu dóms þessa.

Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði.

Loks ber og að dæma ákærða til greiðslu alls áfallins og áfallandi málskostnaðar í máli þessu.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Danielsson bóndi, Þórukoti, Þorkelshólshreppi, sæti 5.000.00 — fimm þúsund — króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan tveggja vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Ennfremur er hann sviptur ökuleyfi í 12 mánuði.

Svo greiði hann og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.